

39
26. apríl

REGLUGERÐ

um innheimtu á kirkjugarðsgjaldi.

1. gr.

Hver sóknarnefnd þjóðkirkjusafnaðar skal fyrir hver áramót gera fjárhagsáætlun fyrir kirkjugarð sóknarinnar næsta ár á eftir.

2. gr.

Ef tekjur kirkjugarðsins hrökkva eigi fyrir hinum áætluðu útgjöldum hans, skal sóknarnefnd jafna því, sem á vantar, niður á útsvarsgjaldendur í sókninni eftir þeim reglum, sem hér fara á eftir, og heitir það gjald kirkjugarðsgjald.

3. gr.

Kirkjugarðsgjald skal vera hundraðsgjald af útsvari gjaldanda það ár, sem gjaldið er lagt á fyrir. Hundraðsgjaldið skal vera jafnhátt fyrir alla þá, sem gjaldskyldir eru, og má það eigi fara fram yfir 2% af upphæð útsvarsins, nema safnaðarfundur hafi samþykkt það.

4. gr.

Nú er sókn meira en eitt sveitar- eða bæjarfélag, og skal þá fyrst skipta gjaldinu niður á hvert sveitar- eða bæjarfélag um sig eftir íbúatölu hvers þeirra innan takmarka sóknarinnar. Þeim hluta gjaldsins, sem þannig kemur í hluta hvers sveitar- eða bæjarfélags, skal jafna niður á útsvarsgjaldendur þess.

5. gr.

Kirkjugarðsgjald skulu allir útsvarsgjaldendur greiða, án tillits til þess, hvort þeir eru meðlimir þjóðkirkjunnar eða eigi, að þessum gjaldendum undanskildum:

- a. Þeim, sem yngri eru en 15 ára.
- b. Félögum og öðrum ópersónulegum útsvarsgjaldendum.
- c. Útsvarsgjaldendum, sem ekki eiga lögheimili innan sóknarinnar.
- d. Þeim, sem eru í viðurkenndum söfnuði utan þjóðkirkjunnar, ef söfnuður þeirra, með leyfi ráðuneytisins, hefir tekið upp sérstakan grafreit, enda haldi söfnuðurinn grafreit sínum sómasamlega við og fylgi reglum þeim, sem settar eru um grafreiti.

6. gr.

Nú hefir heimagrafreitur verið tekinn upp lögum samkvæmt og leysir það eigi þann mann, er grafreitinn tók upp, undan skyldu til að greiða kirkjugarðsgjald til kirkjugarðs sóknarinnar.

7. gr.

Nú er útsvar gjaldanda svo lágt, að hundraðsgjald af því myndi nema lægri upphæð en einni krónu, og skal þá engu kirkjugarðsgjaldi jafnað á þann gjaldanda.

8. gr.

Gjalddagi kirkjugarðsgjalds í kaupstöðum skal vera 15. júlí, en í hreppum 1. september, ár hvert.

9. gr.

Sóknarnefnd innheimtir kirkjugarðsgjöld og ber henni 6% af innheimtum gjöldum í innheimtulaun. Ef sóknarnefnd óskar þess skal innheimtumönnum ríkissjóðs

í kaupstöðum og oddvitum eða innheimtumönnum sveitarsjóðs skylt að annast innheimtu kirkjugarðsgjalda gegn sömu innheimtulaunum.

39
26. apríl

10. gr.

Nú er kirkjugarðsgjald eigi greitt á gjalddaga og má þá innheimta það með lögtaki.

11. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 64, 23. júní 1932, 30. gr. og 38. gr., og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 26. apríl 1937.

Hermann Jónasson.

Friðgeir Bjarnarson.

REGLUR

40
28. apríl

um sölu og afhendingu deyfilyfja til geldingar húsdýra.

1. gr.

Lyfsalar og lækna, sem hafa rétt til lyfjasölu, mega afhenda geldingamönnum, sem skipaðir eru samkvæmt lögum nr. 123, 27. desember 1935, um geldingu húsdýra, nauðsynleg deyfingarlyf til þessara aðgerða (svo sem klóralhydrat, klóróform, eter og venjuleg staðdeyfingarlyf, önnur en kókaín), í hæfilegum skömmtum, gegn venjulegum eiturbeiðnum og einnig að öðru leyti samkvæmt ákvæðum í auglýsingu landlæknis til lyfsala og lækna 19. nóvember 1913 um sölu á eiturefnum til annara afnota en lækninga (sbr. Lögbirtingablaðið 1913, nr. 52).

Dýralæknar landsins gefa mönnum kost á að læra geldingu og meðferð deyfingarlyfja.

2. gr.

Geldingamenn, sem hafa í vörzlum sínum deyfingalyf þau, er um getur í 1. gr., skulu geyma þau í lokaðri hirzlu, er enginn hafi aðgang að nema þeir sjálfir, og hin eldfimu efni fjarri eldi, þannig, að sem tryggilegast sé girt fyrir, að hætta hljóti af þeim. Þeir mega og ekki í neinu skyni láta lyf þessi af hendi til annara.

3. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum, 50—100 kr., nema þyngri refsing liggja við samkvæmt lögum.

Reglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. gr. laga nr. 123, 27. desember 1935, öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 28. apríl 1937.

Hermann Jónasson.

Vigfús Einarsson.